

**Ed.**

## **861. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um almannatryggingar.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 10. gr. Greinina skal orða svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir. Við skiptingu þessa skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af læknishéruðum og lögsagnarumdæmum.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa finum manna trygginganefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnunum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmtí skipar ráðherra að fenginni tillögu tryggingaráðs, og er hann formaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtimabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórnuna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af ibúum sveitarfélagsins eru búsettir.

Hlutverk trygginganefnda er að starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur trygginganna í viðkomandi umdæmi í umboði Tryggingastofnunarinnar. Enn fremur að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til nefndarmanna, sem greiðist af Tryggingastofnuninni.

Í tryggingaumdæmum, sem mynduð eru af fleiri en einu sveitarfélagi, hefur Tryggingastofnunin umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur.